

## Stjórnarfundur nr. 6

23. september 2009

kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll,**

### 1. Alþjóðleg sýning 3. – 4. október í reiðhöllinni í Víðidal.

755 hundar af 84 tegundum verða sýndir auk 38 ungra sýnenda. Einn dómari, Henrik Johanson (Svíþjóð) boðaði forföll í vikunni vegna veikinda. Enn hefur ekki tekist að fá annan. Alls hafa því 3 dómara afboðað sig á þessa sýningu en 2 (Carla Molinary og Hans Müller) þurftu að vera á FCI aðalfundi sem haldinn er mánudaginn eftir sýninguna í Bratislava. Dómara sýningar eru Norman Seschumere frá Belgíu, hjónin Kresten og Birte Scheel frá Danmörku, Svend Lövenkjær frá Danmörku. Heiðraðir verða afreks- og þjónustuhundar ársins, ásamt stigahæsta öldung og hund ársins.

Sýningin stendur frá kl. 9:00-17:30 laugardag og sunnudag.

Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 2. október kl.17:00. Dómari er Hugo Quevedo.

### 2. Augnskoðun í Reykjavík og á Akureyri 27.- 29. nóvember

Dýralæknirinn Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðar hunda í Sólheimakoti 27. & 28. nóvember og á Akureyri, ef næg þátttaka fæst, sunnudaginn 29. nóvember. Augnskoðun á Akureyri fer fram hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar og hefst kl.11:00.

### 3. Bréf frá DÍF vegna neitunar um deildarsýningu

**A-2298/A-2298a**

Til stjórnar DÍF

Guðni Ágústsson, formaður

Á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands þann 23. september sl. var fjallað um bréf ykkar dagsett 21. september vegna neitunar á deildarsýningu árið 2010. Við viljum árétta fyrra svar okkar varðandi ósk um sýningu árið 2010 en þar kom eftirfarandi fram:

*“Stjórn HRFÍ hefur ákveðið fjórar stórar sýningar á næsta ári og lagt út í miklar fjárhagslegar skuldbindingar því tengdu. Miðað við efnahagsspár næsta árs telur stjórn HRFÍ ekki grundvöll fyrir fleiri sýningum árið 2010. Nauðsynlegt er að tryggja þátttöku á þeim sýningum og því hefur verið ákveðið að leyfa ekki deildarsýningar árið 2010. Stjórn HRFÍ mun endurskoða afstöðu sína fyrir árið 2011.”*

Ofangreind afstaða stjórnar Hundaræktarfélags Íslands hefur ekkert með það að gera að standa í vegi fyrir öflugu sýningarstarfi innan deilda félagsins eins og fram kemur í bréfi ykkar. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárhag félagsins. Ástæða neitunar á fyrri umsókn um deildarsýningu, sem átti að halda inni, er að væntanlega hefði orðið tap miðað við áætlaðan fjölda hunda. Nú hafið þið breytt fyrri ákvörðun og ætlið að halda útisýningu sem þýðir m.v. áætlaðan skráningarfjölda tekjuafgang upp á tæplega kr. 100.000.

Stjórn HRFÍ samþykkir deildarsýningu hjá deild íslenska fjárhundsins ef deildin skuldbindur sig til að bæta það tap sem gæti orðið á sýningunni ef áætlaður skráningafjöldi stenst ekki. Sýningin verður að vera haldin á tímabilinu 10. – 25. júlí til þess að sýningin skarist ekki á við skipulagðar sýningar HRFÍ.

### 4. Bréf frá Retrieverdeild vegna neitunar um deildarsýningu

**A-2299/A-2299a**

Til stjórnar retrieverdeildar

Guðmundur Guðmundsson, formaður

Á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands þann 23. september sl. var fjallað um bréf ykkar dagsett 7. september vegna neitunar á deildarsýningu árið 2010. Við viljum árétta fyrra svar okkar varðandi ósk um sýningu árið 2010 en þar kom eftirfarandi fram:

*“Stjórn HRFÍ hefur ákveðið fjórar stórar sýningar á næsta ári og lagt út í miklar fjárhagslegar skuldbindingar því tengdu. Miðað við efnahagsspár næsta árs telur stjórn HRFÍ ekki grundvöll fyrir fleiri sýningum árið 2010. Nauðsynlegt er að tryggja*

*Þátttöku á þeim sýningum og því hefur verið ákveðið að leyfa ekki deildarsýningar árið 2010. Stjórn HRFÍ mun endurskoða afstöðu sína fyrir árið 2011.”*

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárhag félagsins. Neðangreint er gróf áætlun fyrir deildarsýningu með einum erlendum dómara og mið tekið af skráningum á deildarsýningar retrieverdeildar síðustu tveggja ára. Árið 2007 voru 40 hundar skráðir og 2008 voru 41 hundur skráður. Af því gefnu að sami fjöldi skrái sig á sýningu 2010 gæti áætlun litið þannig út:

**Kostnaður:**

Dómari- flug, gisting og matur, kr. 135.000

Dagpeningar og dómara gjöf kr. 25.000

Akstur kr. 15.000

Leyfi kr. 7000

**Kostnaður alls kr. 182.000** (vantar matarkostnað starfsmanna)

**Tekjur:**

Skráning, 5 hvolpar og 35 fullorðnir, alls 135.743 án vsk.

**Tap verður því kr. 46.257**

Af ofangreindu er ljóst að stjórn HRFÍ getur ekki samþykkt deildarsýningu retrieverdeildar fyrir árið 2010.

**5. Bronspróf 5. september 2009.**

Laugardaginn 5. september var haldið Bronsprófið á vegum Vinnuhundadeildar HRFÍ. Prófið var að þessu sinni haldið á bílastæðinu við Marel, Austurhrauni 9 í Garðabæ. Sex þátttakendur voru skráðir í prófið, fjórir mættu og tveir náðu tilskildum árangri.

Það voru Arna Rúnarsdóttir og Schäferhundurinn Caty með 153,5 stig og Kristjana Bergsteinsdóttir og Schäferhundurinn Aragon með 138,3 stig. Prófdómari var Albert Steingrímsson og prófstjóri Steinar Lúðvíksson.

**6. Gera hunda afhuga búfé með viðurkenndum aðferðum**

Valgerður kynnti bréf frá Ólafi Erni Ragnarssyni. Stjórnarmenn fá afhent ljósrit af bréfinu til að kynna sér málið. Málið tekið aftur upp á næsta fundi.

**7. Umsókn um smalaeðlispróf frá Fjár- og hjarðhundadeild** **A-2300/A-2300a**  
**Samþykkt**

**8. Smáhundakynning í Garðheimum 12. og 13. september** **A-2300 b**

**9. Tölvupóstur frá félagsmanni frá 2. september** **A-2301/A2301a**

Fyrirspurn þín var tekin fyrir á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands 23. september sl. og eftirfarandi fært til bókar:

Á aðalfundi HRFÍ þann 13. maí sl. var neðangreind ályktun samþykkt með miklum meirihluta fundarmanna sem voru 293.

*„Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands er alfarið á móti árásar- og varnarþjálfun hunda og útrekar að slík þjálfun eða kynning á henni fari hvergi fram í nafni Hundaræktarfélags Íslands.”*

Til þess að framfylgja ofangreindri ályktun samþykkti stjórn HRFÍ samhljóða neðangreinda breytingu á Grundvallareglum félagsins:

*„1. Almenn*

*Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:*

*1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns (t.d. árásar- og/eða varnarþjálfun). Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppnir á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti þess. „*

Varðandi ræktunarkröfur FCI og það að stjórn HRFÍ sé að brjóta eigin lög þá samþykki General Committee FCI á fundi í Madrid í febrúar 2006 neðangreindar kröfur til alþjóðlegs meistaratitils C.I.B:

„Vinnuhundar (Working/Utility) í tegundahópi 1, 2, 3, 4, 5 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8 (Gildir um hundakyn sem þurfa að skila vinnuprófum skv. Breeds nomenclature lista FCI – stjörnumerktir í Working trials reit, án sviga), þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn Alþjóðlegur meistari (C.I.B):

- a. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005.
- b. Skapgerðarmat
- c. Bronsmerki í hlýðni
- d. Sporleitarpróf I, viðurkennt af HRFÍ,

## 10. Kvörtun frá Fuglahundadeild

A-2302/A-2302a

Til stjórnar fuglahundadeildar  
Ólafur E. Jóhannsson, formaður

Á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands þann 23. september var fjallað um bréf FHD dagsett 18. september sl. er varðar kvörtun vegna samskipta XXX við starfsmenn á skrifstofu félagsins. Í bréfinu kemur fram að XXX hafi látið mjaðmamynda hund sinn á XXX og greitt fyrir þá þjónustu ásamt gjaldi til HRFÍ fyrir aflestur myndanna. Starfsreglur skrifstofu HRFÍ gera kröfu um að greiða þurfi fyrir þjónustu áður en hún er innt af hendi, í þessu tilfalli, aflestur myndanna sem sendar eru til NKK.

Stjórn HRFÍ furðar sig á þessum máláttilbúnaði formanns FHD þar sem hæg heimatök hefðu verið að kynna sér málið áður en ávirðingar eru bornar á starfsmenn félagsins. Greiðsla frá XXX barst til HRFÍ inn á bankareikning þann 15. september og myndirnar sendar út til NKK samdægurs til aflestrar.

Hundaræktarfélag Íslands og starfsmenn skrifstofu geta ekki borið ábyrgð á þjónustu XXX við viðskiptavini þess. Við bendum þér því á að snúa þér til XXX varðandi bóta- og húsbóndaábyrgð vinnuveitanda vegna mögulegs fjártjóns ræktanda og gegnsætt og skýrt verklag XXX. Við væntum þess einnig að starfsmenn XXX biðji viðkomandi ræktendur afsökunar á „óvönduðum og ámælisverðum vinnubrögðum“ eins og fram kemur í bréfi þínu.

## 11. Afreks- og þjónustuhundur 2009

A-2303

Guðríður tekur niður punkta hjá XXX vegna þjónustuhundsins.

Rætt var um fimm tilnefningar sem hafa borist að afrekshundi 2009.

**Valið stendur á milli tveggja hunda.**

## 12. Skýrsla fulltrúa HRFÍ fyrir veiðipróf 500908

## 13. Næsti fundur stjórnar 14. október kl.15